

FUNDARGERÐ

333. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 23. september 2022 í fundarsal sjóðsins að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda
2. Verkefni framundan
3. Lagabreytingar
4. Ársreikningur 2021
5. Lögfræðialit – ráðstöfun
6. Ríkisendurskoðun
7. Fræðslu- og kynningarmál
8. Stofnanaskipulag umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis
9. Skýrsla um möguleika til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur
10. Fundaáætlun
11. Glerumbúðir
12. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁHJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerðir 330.–332. stjórnarfunda Úrvinnslusjóðs voru samþykktar.

2. Tillögur um breytingar úrvinnslugjöldum, á skjölum með heitin *F333 D03 Tillaga til stjórnar um Plastvörur* og *F333 D03 Tillaga til stjórnar um veiðarfæri*, voru samþykktar.
3. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að hefja nánari greiningu á kostnaði við söfnun á víðavangi. Var í því samhengi jafnframt ákveðið að taka tillögur að lagabreytingum fyrir að nýju og leggja URN mögulega til frekari breytingar að greiningunni fenginni.
4. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2021 var samþykktur.
5. Ákveðið var að áframsenda lögfræðilít (F333 D05 20220302 Memo um breytingar á lögum um úrvinnslugjald FINALE) til URN, starfshóps um endurmat á kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar og umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.
6. Ákveðið var að stjórn mundi taka afstöðu til tillögu MJ um tímasetningar næstu funda stjórnar í tölvupóstsamskiptum.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:31

1. Fundargerðir síðustu funda

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerðum 330.–332. stjórnarfunda Úrvinnslusjóðs. Fundargerðirnar voru SAMÞYKKTAR með smávægilegum lagfæringum sem framkvæmdar voru á fundinum. Verða þær sendar stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Verkefni framundan

ÓK birti á skjá yfirlit yfir verkefni sjóðsins og kynnti stjórn stöðu þeirra. Fram kom að leitað væri upplýsinga um fyrirkomulag þrepaskiptra gjalda á hinum Norðurlöndunum, að ráðnir hefðu verið lögfræðilegir verktakar til yfirferðar yfir drög að nýjum skilmálum við þjónustu- og ráðstöfunaraðila, að viðskiptalíkan og svar URN vegna sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs yrðu rædd á vettvangi sveitarfélaga á næstu vikum, að yfirstandandi væru samskipti við Umhverfisstofnun vegna kynningar- og fræðslumála, einkum hvað varðar tiltekna plastvörur, að yfirferð yfir nýjan veiðarfærasamning stæði enn yfir í URN, að í farvatninu væri kynningarfundur í samstarfi við FA, SFS, SI og SVÞ vegna breytingar á úrvinnslugjöldum og að til skoðunar væri þörf fyrir breytingar á flutningsjöfnun.

Stjórn ræddi málin, m.a. hvað varðar þátttöku sveitarfélaga í fræðslu- og kynningarmálum, stöðu yfirferðar URN yfir veiðarfærasamning og endurgjald vegna heyrúlluplasts. Flutningsjöfnun vegna heyrúlluplasts var rædd sérstaklega. ÓK upplýsti að skrifstofa Úrvinnslusjóðs ætti samskipti við URN vegna tilkynningar um breytingar á flutningsjöfnun til ESA.

ÁHJ og EM lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs ítreka að þegar kemur að greiðslum vegna flutnings og ráðstöfun heyrúlluplasts sé horft til fjárhagslegra hvata til innlendrar endurvinnslu á móts við útflutning á óunnu plasti.

Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem erfitt hefur reynst að rekja afdrif plasts sem fer úr landi til meðhöndlunar. Mikilvægt er að gagnsæi ríki og upplýsingar séu aðgengilegar hvað varðar ráðstöfun innanlands og móts við útflutning.

3. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lágu skjöl með heitin *F333 D03 Tillaga til stjórnar um Plastvörur* og *F333 D03 Tillaga til stjórnar um veiðarfæri*.

ÓK birti frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 á skjá.

ÓK kynnti stjórn efni tillagnanna og ákvæða frumvarpsins. Stjórn ræddi málið, m.a. hvað varðar kostnað sem áætlað er að Úrvinnslusjóður standi undir vegna söfnunar á víðavangi. Benti ÓK á að ekki hefði enn komið fram á Alþingi lagafrumvarp sem innhéldi nauðsynleg ákvæði. EM benti á að kostnaðartölur kynnu að liggja fyrir hjá sveitarfélögum. Þá benti á að lagfæra þyrfti orðalag tillögu til stjórnar um veiðarfæri þar sem hún þyrfti jafnframt að ná til úrgangs frá fiskeldi. Að auki benti EM á að kostnaðarútreikningar tækju ekki tillit til söfnunar og flutnings. Á móti benti ÓK á að útreikningarnir væru í samræmi við 3. gr. laga nr. 162/2002.

Tillögurnar voru SAMÞYKKTAR en jafnframt ÁKVEÐIÐ að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að hefja nánari greiningu á kostnaði við söfnun á víðavangi. Var í því samhengi jafnframt ÁKVEÐIÐ að taka málið fyrir að nýju og leggja URN mögulega til frekari breytingar að greiningunni fenginni.

4. Ársreikningur 2021

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi Úrvinnslusjóðs 2021.

MJ lagði til að ársreikningurinn yrði staðfestur af stjórn og var það SAMÞYKKT.

5. Lögfræðiálit – ráðstöfun

Fyrir fundinum lágu skjal með heitið *F333 D05 20220302 Memo um breytingar á lögum um úrvinnslugjald FINALE* og afrit af tölvupósti með heitið *F333 D05 Lögfræðiálit ráðstöfun skeyti*.

Stjórn ræddi lögfræðiálitinu. ÁKVEÐIÐ var að áframsenda álitinu til URN, starfshóps um endurmat á kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar og umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

6. Ríkisendurskoðun

Fyrir fundinum lá skýrsla Ríkisendurskoðunar í skjali með heitið *F333 D06 2022-Urvinnslusjóður-stjornsysluúttekt*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir vinnu skrifstofu Úrvinnslusjóðs vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar. Kom m.a. fram að stefnt væri að uppsetningu verkefnaáætlunar

sem yrði birt á vefsíðu sjóðsins með umfjöllun um viðbrögð sjóðsins. MJ boðaði að á næsta stjórnarfundum yrði rætt um þörf skrifstofu sjóðsins fyrir frekari starfskrafta.

7. Fræðslu- og kynningarmál

Umræður um dagskrárliðinn áttu sér stað undir 2. dagskrárlið og eru skráðar í umfjöllun um hann hér að framan.

8. Stofnanaskipulag umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis

ÓK sagði stuttlega frá vinnufundi um málið.

9. Skýrsla um möguleika til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað til næsta stjórnarfundar.

10. Fundaáætlun

MJ lagði fram tillögu um að næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 6.10.22 kl. 9:00 og síðan 20.10.22, 3.11.22, 17.11.22, 1.12.22 og 15.12.22 á sama tíma.

ÁKVEÐIÐ var að stjórn mundi taka afstöðu til tillögunnar í tölvupóstsamskiptum.

11. Glerumbúðir

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað til næsta stjórnarfundar.

12. Önnur mál

MJ upplýsti hann hefði farið fram á að skrifstofa Úrvinnslusjóðs framkvæmdi úttekt á óhreinindahlutfalli heyrúlluplasts. ÁHJ benti á að rétt væri að framkvæma slíka úttekt bæði á plasti sem er endurunnið hér á landi og því sem er flutt úr landi. EM benti á að íslensk endurvinnsla nyti lítt viðleitni til að draga úr óhreinindahlutfalli við meðferð innanlands.

Fleira var ekki gert á 333. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 09:52.